

Sorpsamlag Þingeyinga ehf.
Pósthólf 151
640 Húsavík

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 4. mars 2014
Tilv.: UMH14010254/20-1

Vísað er til erindis Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 31. janúar sl. Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu fyrir urðunarstaðina í Laugardal og á Kópaskeri þar til ný starfsleyfi liggja fyrir. Málafni þessara urðunarstaða hafa áður verið til umfjöllunar í ráðuneytinu. Ráðuneytið kys að fjalla um og afgreiða umrætt erindi aðskilið eftir urðunarstöðum og er í þessum bréfi urðunarstaðurinn í Laugardal til umfjöllunar.

Í framangreindu erindi Sorpsamlags Þingeyinga ehf. kemur fram að nýtt deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn í Laugardal hafi verið samþykkt og gildistaka þess auglýst í Stjórnartíðindum. Jafnframt að ákvörðun Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu liggja fyrir og að starfsleyfisumsókn hafi verið send Umhverfisstofnun. Kemur og fram að áætlað magn óvirks úrgangs sé um 3–5 tonn á mánuði.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Samkvæmt 1. mál. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal móttökustöð fyrir úrgang hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar frá 3. f.m. til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 27. febrúar 2014. Í umsögninni staðfestir Umhverfisstofnun að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Laugardal hafi borist og hafi Sorpsamlagi Þingeyinga verið tilkynnt um móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 21. febrúar 2014. Samkvæmt umsökninni sé fyrirhugað að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Umhverfisstofnun staðfesti jafnframt að matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar liggja fyrir og að niðurstaðan hafi verið að starfsemin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í ljósi framangreinds geri Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að veitt verði tímabundin undanþága frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Laugardal, á meðan unnið er að útgáfu nýs starfsleyfis að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um

meðhöndlun úrgangs veiti ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpsamlags Þingeyingar ehf. í Laugardal.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Heimilt er að urða allt að 5 tonn á mánuði af óvirkum úrgangi.
2. Sorpsamlag Þingeyinga skal uppfylla ákvæði fyrra starfsleyfis urðunarstaðarins, sem gefið var út 18. desember 2002, eftir því sem þau eiga við um urðunarstaðinn.
3. Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem um urðunarstaði gilda.
4. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. skal vakta grunnvatn í mælipunktum í nágrenni urðunarstaðarins, sbr. 4. tl. viðauka III við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Hafa skal samráð við Umhverfisstofnun við staðsetningu mælipunkta.
5. Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 31. desember 2014.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjaftan Ingvarsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra